

Erindisbréf starfshóps um heildarendurskoðun aðalskipulags Árborgar

Skipan:

Hópin skipa formaður skipulags- og byggingarnefndar, einn fulltrúi frá meirihluta, einn frá minnihluta.

Skipulagsfulltrúi og/eða annar starfsmaður tilnefndur af sviðsstjóra er verkefnisstjóri og tengiliður við verktaka.

Formaður skipulags- og byggingarnefndar er formaður hópsins.

Verkefni:

Verkefni hópsins er að vinna að endurskoðun á núgildandi aðalskipulagi Árborgar 2010-2030. Um er að ræða heildarendurskoðun skipulagsins sem unnið var á árunum 2010-2012. Vinna skal endurskoðunina samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum auk verklagsreglna/leiðbeininga Skipulagsstofnunar um gerð aðalskipulags og stefnumörkun sveitarfélagsins.

Tími:

Hópurinn skal skila af sér til bæjarstjórnar fyrir 31. desember 2021

Þóknun:

Nefndarmönnum skal greidd þóknun í samræmi við 43. gr. samþykkt um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 665/2019

Samþykkt í bæjarráði 23 janúar 2020
